

Orkustofnun  
Sylvía Rakeł Guðjónsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. júní 2023  
Málsnúmer: 202305-0029  
LA

## Efni: Umsögn vegna rannsókna og sýnatöku á hafsbotni við Landeyjarhöfn

Vísað er í bréf frá Orkustofnun, dags. 10. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Hornsteins f.h./Björgunar ehf., um leyfi til rannsókna og sýnatöku á hafsbotni. Umsóknin gildir á afmörkuðu svæði til austurs og vesturs frá Landeyjarhöfn. Félagið er nú þegar með gilt rannsóknarleyfi (OS-2022-L012-01), en hefur óskað eftir að færa svæðið lengra til austurs og því nær nýja umsóknarsvæðið að hluta til yfir það svæðið sem nú þegar er með rannsóknarleyfi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn. Stofnunin gaf umsögn um stækkað svæði 10. mars s.l. Í þessari umsögn er gert ráð fyrir sýnatökum með kjarnabor á 20-30 stöðum, 48 sýnum með botngreip og fjórar tilraunadælingar með efnistökuskipi, alls rúmlega 4800 m<sup>3</sup>.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að sýnatökur og tilraunadælingar séu gerðar í samráði við Hafrannsóknarstofnun, eins og fram kemur í umsókn. Þá telur stofnunin ráðlegt að undanskilja svæði vestan við Landeyjarhöfn (11,6 km<sup>2</sup>), en fram kemur í umsókn að vegna öryggissjónarmiða verður ekki hróflað við sjávarbotni innan helgunarsvæðis lagna milli lands og Vestmannaeyja.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur  
Svið Náttúruverndar

